



55. Körfuknattleiksþing | 25. mars 2023

Þingskjal nr. 17 – Lög KKÍ

Lög KKÍ

8. grein – Réttindi og skyldur aðildarféлага

[...]

Aðildarfélag skuldbindur sig til að vinna að því að efla heilbrigðan íþróttanda, koma í veg fyrir vinna gegn lyfjamisnotkun, vinna gegn hvers konar mismunun á grundvelli trúarskoðana, kynferðis, kynhneigðar, stjórnámálaskoðana, þjóðernis eða af öðrum ástæðum.

[...]

17. grein – Skipulag stjórnar KKÍ

Stjórn KKÍ skal skipuð tíu mönnum að formanni meðtöldum. Stjórn KKÍ fer með æðsta vald í málefnum sambandsins milli þinga. Falli atkvæði jöfn við atkvæðagreiðslu innan stjórnar gildir atkvæði formanns tvöfalt.

[...]

25. gr. – Aga- og úrskurðarnefnd

Aga- og úrskurðarnefnd KKÍ, sem er fyrsta dómstig KKÍ, skal skipuð formanni og tveimur varaformönnum, sem skulu allir löglærðir, og auk þeirra þremur mönnum. Skulu þeir kosnir á körfuknattleiksþingi til tveggja ára í senn.

[...]

28. gr. – Nánar um aga- og úrskurðarnefnd og áfrýjunardómstól KKÍ

[...]

Aga- og úrskurðarnefnd KKÍ og áfrýjunardómstóll KKÍ skulu lúta lögum þessum og reglugerðum og skulu öll ágreiningsmál gagnvart aðildarfélögum KKÍ, forráðamönnum félaganna, leikmönnum, þjálfurum, liðsstjórum og öðrum þeim sem eru innan vébanda aðildarféлага KKÍ rekin fyrir aga- og úrskurðarnefnd KKÍ og áfrýjunardómstól KKÍ nema það sé sérstaklega heimilað í lögum eða reglugerðum KKÍ að reka málið fyrir nefndum innan KKÍ ~~en aldrei skal heimilt að reka ágreiningsmál fyrir almennum dómstólum.~~

[...]

29. gr. – Aðalfundir aðildarféлага

Aðildarfélög KKÍ skulu tilkynna skrifstofu KKÍ tímasetningu aðalfundar, sé hann haldinn, með minnst viku fyrirvara. Einnig skulu ársskýrsla og fundargerð aðalfundar send skrifstofu KKÍ.

Vísað til: Allsherjarnefndar Fjárhagsnefndar Laga- og leikreglnanefndar
Afgreitt: Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld



55. Körfuknattleiksping | 25. mars 2023

Þingskjal nr. 17 – Lög KKÍ

Þegar mynduð er ný stjórn skal senda þær breytingar til KKÍ í síðasta lagi tveimeinni vikum eftir að stjórn er mynduð.

Vísað til: Allsherjarnefndar Fjárhagsnefndar Laga- og leikreglanefndar
Afgreitt: Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld



55. Körfuknattleiksping | 25. mars 2023

Þingskjal nr. 17 – Lög KKÍ

Greinargerð:

Hér er verið að laga og gæta samræmis milli 8. og 29. gr. Laga KKÍ. Í 8. gr., sem fjallar um réttindi og skyldur aðildarfélaganna „Aðildarfélag skal senda KKÍ upplýsingar um stjórnir félaganna á hverjum tíma innan viku frá því að breyting á sér stað.“ Til að gæta samræmis er sambærilegur texti í 29. grein lagaður.

Breytingar á greinum 8, 17, 25 og 28 eru lagðar fram samkvæmt athugasemdum stjórnar ÍSÍ. Erindi ÍSÍ má sjá á næstu blaðsíðu. Þar sem lögum KKÍ er einungis hægt að breyta á Körfuknattleikspingi er þetta lagt fram á þessu þingi.

Stjórn KKÍ

Vísað til: Allsherjarnefndar Fjárhagsnefndar Laga- og leikreglanefndar
Afgreitt: Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld



55. Körfuknattleiksping | 25. mars 2023

Pingskjal nr. 17 – Lög KKÍ



Körfuknattleikssamband Íslands
Hannes S. Jónsson, formaður

Reykjavík, 13. október 2021

Varðar: Breytingar á lögum KKÍ

Framkvæmdastjórn ÍSÍ hefur tekið fyrir ný lög KKÍ, sem samþykkt voru í heild sinni á ársþingi sambandsins í vor.

Eftirfarandi athugasemdir/ábendingar voru gerðar:

8. grein

Of íþyngjandi orðalag er notað varðandi lyfjamisnotkun. Eðlilegra væri að nota orðalagið vinna gegn lyfjamisnotkun.

17. grein

Fjöldi stjórnarmanna er jöfn tala. Við slíkar aðstæður er gott að setja inn ákvæði um að atkvæði formanns gildi tvöfalt ef atkvæði falla jöfn við ákvarðanatöku.

25. grein

Gott væri að fram kæmi í greininni að aga- og úrskurðarnefnd sé fyrsta dómstig innan KKÍ.

28. grein

Ekki er hægt að banna einstaklingi að leita réttar síns hjá almennum dómstólum.

Bent er á að finna má tvítekningar á málsgreinum í grein 8 og grein 29 og eins í grein 15 og 18.

Framkvæmdastjórn ÍSÍ staðfesti lög sambandsins í heild sinni, með ofangreindum athugasemdum og ábendingum.

Með kveðju,
ÍPRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBAND ÍSLANDS

Halla Kjartansdóttir
Halla Kjartansdóttir
skrifstofustjóri

ÓLYMPÍUFJÖLSKYLDA ÍSÍ

ÍPRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBAND ÍSLANDS

www.isi.is

THE NATIONAL OLYMPIC AND SPORTS ASSOCIATION OF ICELAND



Vísað til: Allsherjarnefndar Fjárhagsnefndar Laga- og leikreglnanefndar
Afgreitt: Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld